

Aðalfundur Spretts 28. mars 2023

Dagsskrá

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Framlagning reikninga félagsins.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar skv. 6. gr. laga félagsins.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr. laga félagsins.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. laga félagsins.
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Fjárhagsáætlun næsta árs.
11. Önnur mál er félagið varða.

Staðsetning: Veislusalur Spretts í Samskipahöllinni

Fundur hófst kl 20:10.

1. Fundarsetning.

Sverrir Einarsson, formaður, setur fundinn.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður leggur til að Matthías Sigurðsson verði fundastjóri og Jenny Eriksson ritari. Samþykkt einróma.

3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.

Formaður fer yfir skýrslu stjórnar fyrir félagsárið. Margt búið að gerast og framkvæma í Spretti. Sjá viðhengi.

Þordís Anna Gylfadóttir, yfirþjálfari Spretts, fer yfir starf yngri flokka. Útskýrir starf yfirþjálfara og hvað starfið felur í sér.

Fjöldi námskeiða í boði, eða alls 35 talsins verða á tímabilinu 2022/2023. Pollanámskeið og Töltgrúppan langvinsælustu námskeiðin með mjög góða skráningu. Margt spennandi í boði.

Þordís Anna segir frá nýja skráningakerfinu sem heldur utan um námskeiðin og heitir það Sportabler.

Barna- og unglingaráð og Ungmennaráð stofnað. Margar nýjar hugmyndir koma fram.

Settur verður upp póstlisti þar sem auglýst verður námskeið sem eru í boði til að ná betur til félagsmanna.

Farið er yfir starfið til lengra tíma, hugmynd um að þetta verður þrjár annir yfir árið og að alltaf verði eitthvað í boði. Annirnar verða frá okt-des, jan-mars, april-júni og frí júlí-september. Auglýst tímanlega svo að foreldrar geta planað og skipulagt fram í tímamann.

Stefnt er að fjáröflun til að geta fjármagnað ferð til Svíþjóðar á International Horseshow.

Þordís bendir á það sem mætti bæta, vantar félagsmenn í fræðslunefnd, hugmyndir og betri nýliðun. Félaginu vantar félagshesthús, félagsmiðstöð og kennsluhöll.

4. Framlagning reikninga félagsins.

Kolfinna Guðmundsdóttir, gjaldkeri, fer yfir reikninga síðasta árs og fjárhagsáætlun næsta árs. Tímabilið sem verið er að fara yfir er 15 mánuðir miðað við tímabilið þar á undan sem var 12 mánuðir.

Spurningar úr sal varðandi liðinn Styrki undir Skýringum og hvað feli í sér.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (yngri), spyr um rekstrarstyrk frá Kópavogsbær uppá 25 miljónir. Gjaldkeri fer yfir hvað bæjarfélögin styrkja árlega í rekstrarstyrk, 8,7 miljónir frá Garðabæ og 8,4 miljónir frá Kópavogsbæ. Liðurinn felur í sér alla styrki sem hafa komið inn í félagið. Spurt er um styrkinn frá Kópavogsbæ sem átti að vera 25 miljónir sem skilaði sér aldrei til Spretts, og hvort það séu til rafræn samskipti varðandi þessa upphæð. Sveinbjörn Sveinbjörnsson (yngri) útskýrir að að þetta hafi verið rætt á fundi með framkvæmdastjóra, bæjarstjóra og þáverandi formann Spretts og að samskiptin sé ekki til á rafrænu formi.

Fundarstjóri gefur orðið laust um skýrslu stjórnar og rekstrarreiknings.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (eldri) spyr um fleiri upplýsingar varðandi Landsmót, og biður formann um að koma með frekari upplýsingar varðandi mótið.

Formaður upplýsir um stöðu mála, og hvernig vinnan hefur verið framkvæmd. Fer yfir vinnu með fjárhagsáætlun vegna Landsmóts í samvinnu við sveitarfélögin. Í dag kom vilyrði frá Garðabæ um styrk til að halda Landsmót 2024.

Linda Gunnlaugsdóttir spyr hvort svæðið sé virkilega tilbúið fyrir Landsmót á næsta ári, og hefur áhyggjur af því að félagið sé að setja sig í „skuldásúpu“. Formaðurinn svarar að bæjarfélögin munu styrkja okkur með vinnuframlagi á þessu ári og peninga á næsta ári. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 109 miljónum.

Margrét Tómasdóttir, nv ritari í stjórn, tekur til orða og segir að félagssvæðið sé með eitt glæsilegasta svæði Spretts, og að Landsmót sé partur af því að byggja svæðið enn frekar upp. Þordís Anna Gylfadóttir fær orðið og vill leiðrétta hvernig Landsmót hefur verið rekið áður, og að ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri allavegna 1,5 ári fyrir mót. Bendir á að félagið er sé ekki með reynslu á mótssvæði þegar kemur að svona stóru móti, og að ef félagið á að halda mótið þá þarf að koma í gang framkvæmdastjórn.

Sverrir Einarsson, formaður, sýnir fjárhagsáætlun vegna Landsmóts 2024, og 43% af þeim kostnaði lendir á Sprett sem verður greitt með framlag styrkja.

Gunnar Már Þórðarson, stjórnarmaður, fær orðið og hans upplifun eftir fund með bæjarfélögin er að þau vilja ekki styrkja Landsmót og einnig áframhaldandi uppbyggingu í Spretti heldur verður að velja á milli.

Formaður svarar að bæjarfélögin hefðu beðið um að endurskoða þessa áætlun til að ekki yrði skert fé til félagsins. Margrét Tómasdóttir svarar og vísar þessu einnig á bug.

Lárus Finnbogason fær orðið. Er smeykur við að halda Landsmót og að ekki sé hægt að treysta of mikið á sjálfbærliða. Bendir á að tilbúið Landsmótssvæði sé til staðar í Fáki og að frekar ætti að færa mótið þangað. Fjárhagslega getur þetta verið mjög áhættusamt.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (eldri) fær orðið. Vill að Samskipahöllin sé stækkuð til að hægt sé að bæta starfið enn betur. Vill meina að ef félagið heldur Landsmót verður það að vera Landsmót með stóru L:i. Félagsmenn þurfa að vera betur upplýstir og huga þarf vel að því hvort þetta sé hægt. Sveinbjörn Sveinbjörnsson (eldri) kemur með tillögu. (sjá viðhengi)

Tillagan er borin upp og samþykkt.

Í ljósi þess að tillagan var samþykkt er aðalfundi frestað.

Fundargerð ritaði Jenny Elisbet Eriksson